

## Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna Eyjafréttanna

Stjórn Eyjasýnar ehf, útgefanda Eyjafréttanna, hefur sett sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna Eyjafréttanna, eins og kveðið er á um í gr. 24 í lögum nr. 38 frá 2011 um fjölmiðla. Álit Eyjasýnar ehf. er að ritstjórnarlegt sjálfstæði starfsmanna sé einn af hornsteinum faglegrar blaðamennsku.

### 1. Eigendur og sérhagsmunir

Ritstjórnarlegt sjálfstæði felst í frelsi ritstjóra til að taka ákvarðanir án afskipta frá eigendum og stjórnendum Eyjasýnar, enda er ritstjóri ráðinn til að framfylgja almennt í störfum sínum grundvallarsjónarmiðum og markmiðum eigenda og stjórnenda fyrirtækisins. Það er stefna Eyjasýnar ehf. að í umboði ritstjóra hafi starfsmenn á ritstjórn fullt ritstjórnarlegt sjálfstæði. Í því felst að þeir þurfa ekki að taka tillit til skoðana eða hagsmuna eigenda eða viðskiptamanna Eyjafréttanna, ef siðareglur Blaðamannafélags Íslands, samviska þeirra og sannfæring segir þeim að ekki sé rétt að gera slíkt. Blaðamanni verður ekki gert að vinna verkefni sem stangast á við sannfæringu hans eða samvisku eða teljast niðurlægjandi. Blaðamaður tekur ekki við verkefnum frá öðrum en ritstjóra. Eigendur Eyjafréttanna skulu ekki hafa afskipti af einstökum fréttaskrifum eða ræða þau beint við viðkomandi blaðamenn, heldur skulu mál af því tagi tekin upp við ritstjóra Eyjafréttanna.

### 2. Ritstjórnarstefna

Ritstjórnarlegt sjálfstæði tekur mið af og takmarkast af ritstjórnarstefnu útgáfufélagsins og séu verkefni þau sem blaðamanni eru falin að vinna sannarlega innan ramma skilgreindrar og yfirlýstrar ritstjórnarstefnu. Ber honum að sinna þeim og vinna ekki gegn þeim. Ritstjóri er ábyrgur fyrir túlkun og framkvæmd ritstjórnarstefnu og hans túlkun á stefnunni og forgangsröðun verkefna, er það sem gildir í daglegu starfi.

### 3. Starfsskilyrði ritstjórna

Blaðamönnum ber af fá aðstöðu og tíma til að setja sig vel inn í mál. Þeir skulu alla jafnan fá tækifæri til að vinna mál á þann hátt sem þeir telja réttast og nota þau efnistökin sem þeir telja best án sérstakrar leiðsagnar ritstjóra, nema þess sé óskað. Hins vegar ræður fréttamat ritstjóra og túlkun á því hvernig og hvað er endanlega birt. Blaðamenn Eyjafréttanna hafa fullan tillögurétt þegar kemur að því að velja efni til úrvinnslu. Sé frétt og nálgun blaðamanns í tilteknu máli breytt í veigamiklum atriðum á viðkomandi blaðamaður rétt á skýringu ritstjóra á breytingunum.

### 4. Skilyrði uppsagnar

Ekki er hægt að segja upp starfsmanni án skriflegrar skýringar. Gildir það undantekningarlaust hver svo sem ástæða uppsagnarinnar er og eru slíkar skýringar ekki einkamál blaðamanns og útgefanda Skessuhorns nema blaðamaður eða útgefandi óski þess sérstaklega.

*Vestmannaeyjum, 16. janúar 2013.*

Jón Árni Ólafsson, stjórnarformaður Eyjasýnar ehf.